

8. maí 2022
í Norðurljóssal
Hörpu

Hljómfélagið og Selkórinn
ásamt Skólakór Kársness,
einsöngvurum og hljómsveit



Carmina Burana

Töfrum líkast

Það eru einstakir töfrar sem eiga sér stað þegar hópur fólks syngur saman. Þarna stöndum við, hópur fólks alls staðar að úr samfélaginu og upplifum þessi sömu áhrif. Ánægjuhormón flæða, andadrátturinn verður dýpri, hugað er að líkamsstöðunni þannig að skyndilega réttist úr bakinu og brjóstkassinn opnast. Kannski er það magnaðasta við þetta allt saman að hjörtun fara að slá í takt. Hljómar eins og væmin klisja en er ekki fjarri sannleikanum. Með stýrðum andadrætti í takt við tónlistina þá dælir hjartað eftir því.

Hjörtun slá í takt.

Kórastarf er félagsstarf þar sem við hittumst úr öllum áttum, setjum okkur markmið og vinnum að þeim. Að syngja í kór snýst ekki aðeins um að mæta á æfingar, syngja og þræla sér í gegnum erfið verk — *við getum þetta, við gerum þetta saman!* Við tökum okkur tíma frá daglegu amstri til að læra heima því ekki viljum við bregðast raddfélögunum — *hópnum*. Hvert okkar á sinn bakgrunn. Læknar, lögfræðingar, iðnaðarmenn, háskólanemar, listamenn, tölvugúrúar, blaðamenn og listinn gæti haldið lengi áfram. Fólk úr öllum áttum sem hefði líklega aldrei myndað þessi tengsl ef ekki væri fyrir kórinn. Þarna eignast margir sína bestu vini og jafnvel maka.

Hljómfélagið var stofnað af vinahópi sem söng saman í Skólakór Kársness sem börn. Vinahópur þar sem allir voru farnir í sitthvora áttina en áttu þennan sameiginlega flöt, að hafa sungið saman sem börn og vilja halda því áfram. Síðan bættist við fólk úr öllum áttum, bæði vanir kórsöngvarar og fólk sem hafði aldrei áður sungið í kór en vildi prufa og læra. Þegar

ég tók við Selkórnum þá áttaði ég mig fljótlega á því hversu líkir kórar Hljómfélagið og Selkórinn væru, bara á mismunandi aldri. Selkórinn er rótgróinn, hokinn af kórreynslu, með félögum sem hafa verið í honum í hartnær 50 ár. Þar er á ferðinni ótrúlega samheldinn hópur fólks sem fer í æfingabúðir (helgarferð með vinum sínum), æfir og syngur og dansar fram á rauða nótt, pískrar á kóræfingum og lætur kórstjórn sussa á sig. Alveg eins og Hljómfélagið. Hlátursköst, gamlar minningar rifjaðar upp, ný ævintýri plönuð, trúinó og bjóræfingar. Þau taka þátt í stóru stundum hvors annars. Syngja í brúðkaupum, á stórafinælum og við jarðarfarir.

Mig langaði að rífa kóranna tvo af stað með látum eftir langt tímabil þar sem Covid lagði allt á hliðina. Kórfélagar voru sammála mér um að það væri best að keyra þetta í gang af fullum krafti. Carmina Burana varð fyrir valinu. Það hefur lengi verið draumur minn að syngja verkið í kór — eða enn betra — syngja guðdómlega sópransólóið. Hvorugur draumurinn rætist í kvöld, en í staðinn rætist draumur sem ég hafði ekki þorað að láta mig dreyma um — að stjórna verkinu. Þvílíkt ævintýri! Kóramir æfðu fyrst í sitthvora lagi en fóru síðan að bjóða hvor öðrum á æfingar til sín. Samvinnan hefur gengið stórkostlega, kærleikur og gleði hefur einkennt æfingarnar og kostir hvors kórs fyrir sig fá að njóta sín í samstarfinu.

Ég vona svo sannarlega að þið njótið Carmina Burana með okkur hér í dag. Komið svo öll í kór, þið hafið svo gott af því!

— Fjóla Kristín Nikulásdóttir

Carmina Burana

Tónleikar í Norðurljósum 8. maí 2022 • kl. 16

Stjórnandi	Fjóra Kristín Nikulásdóttir
Einsöngvarar	Bryndís Guðjónsdóttir, sópran Guðmundur Karl Eiríksson, barítón Þorsteinn Freyr Sigurðsson, tenór
Kórar	Hljómfélagið Selkórinn Skólakór Kársness • stjórnandi: Álfheiður Björgvinsdóttir
Hljómsveit	Eva Þyri Hilmarsdóttir, píanó Guðriður St. Sigurðardóttir, píanó Frank Aarnink, slagverk Eggert Pálsson, slagverk Matthías Engler, slagverk Pétur Grétarsson, slagverk Jóhann Hjörleifsson, slagverk Soraya Nayyar, pákur

Carl Orff	Carmina Burana (1936)
	Forsjón, drottning heimsins
	I. Vor
	Á enginu
	II. Á kránni
	III. Hirð ástarinnar
	Blansiflór og Helena
	Forsjón, drottning heimsins



Stjórnandi

Fjóla Kristín Nikulásdóttir

Fjóla stofnaði Hljómfélagið á vormánuðum 2015 og tók við stjórn Selkórsins á Seltjarnarnesi haustið 2020. Nú leiðir hún kóra sína saman í uppsetningu á Carmina Burana. Fjóla Kristín er einsöngvari, kórstjóri og kórsöngvari og hefur starfað sem tónlistarmaður í Reykjavík um árabíl. Fjóla lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík 2009 undir handleiðslu Ólafar Kolbrúnar Harðardóttur og Kristins Arnar Kristinssonar. Þaðan hélt hún áfram í áframhaldandi nám í Mozarteum í Salzburg og lauk svo meistaragráðu í óperusöng frá Konservatorium í Vínnarborg undir leiðsögn Uta Schwabe árið 2015.

Fjóla gekk til liðs við Kammerkórinn Schola Cantorum haustið 2015 og hefur tekið þátt í fjölda verkefna með kórnum, bæði hérlandis og erlendis; meðal annars sungið inn á hljómplötur á vegum útgáfufyrirtækisins BIS, unnið til tónlistarverðlauna og sungið inn á teiknimyndir og tölvuleiki. Framundan hjá Kammerkórnum eru mörg stór verkefni á Íslandi og á Norðurlöndunum. Má þar nefna frumflutning á Gospel of Mary eftir Huga Guðmundsson, Maríuvesper eftir Montiverdi og margt fleira.

Síðan 2014 hefur Fjóla verið í kjarnakór Íslensku óperunnar og sungið í fjöldanum öllum af óperum, síðast í sýningunni La traviata sem vakti mikla lukku. Þar áður hafði hún verið söngvari í kórnum með hléum frá árinu 2009. Fjóla er einnig menntaður grunnskólakennari og kennir leiklist í Langholtsskóla.

Einsöngvarar



Bryndís Guðjónsdóttir

Bryndís hlaut fyrsta sæti í Riccardo Zandonai keppninni á Garda árið 2021. Sama ár fór hún tvívegis með hlutverk Næturdrottningarinnar úr Töfraflautunni eftir Mozart í Reaktorhalle í München undir stjórn Danyil Ilkiv og leikstjórn Waltraud Lechner og með Oper im Berg í Salzburg undir stjórn Stefano Seghedoni. Bryndís hefur komið víða fram erlendis á farsælum ferli, innanlands hefur hún meðal annars sungið einsöng með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Bryndís útskrifaðist með bakkalár- og meistaraþráðu í Opera and Musical Theatre frá Mozarteum tónlistarháskólanum í Salzburg þar sem hún lærði hjá Michèle Crider, Gernot Sahler og Alexander von Pfeil. Þar áður hafði Bryndís lokið framhaldsprófi í söng árið 2015 hjá Önnu Júlíönu Sveinsdóttur og numið eitt ár við Listaháskóla Íslands hjá Þóru Einarsdóttur, Kristni Sigmundssyni og Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Hún var á meðal sigurvegara keppinnar Ungir einleikarar árið 2018 og bar sama ár sigur úr býtum í Duschek keppninni í Prag.

Fyrr á þessu ári söng hún sópransólo í *Carmina Burana* með Prague Royal Philharmonic undir stjórn Heiko Mathias Förster.



Guðmundur Karl Eiríksson

Guðmundur lauk framhaldsprófi í söng frá Söngskóla Reykjavíkur þar sem hann lærði hjá Garðari Thor Cortes. Einnig stundaði hann nám í Söngskóla Sigurðar Demetz undir leiðsögn Kristjáns Jóhannssonar. Hann lauk masters-diplómanámi á Ítalíu undir leiðsögn baritónsins Renato Bruson frá Accademia Renato Bruson.

Guðmundur hefur komið fram á fjölmörgum tónleikum hérlandis. Hann hefur einnig tekið þátt í óperuuppfærslum en hann fór með hlutverk Schaunard úr La bohème á Rimini, Ítalíu undir stjórn Joseph Rescigno. Einnig fór hann með aðalhlutverkið, hlutverk Þórs, í Þrymskið eftir Jón Ásgeirsson.

Guðmundur var einsöngvari í uppsetningu Ungfóniunnar og Háskólakórsins á Carmina Burana árið 2019.



Þorsteinn Freyr Sigurðsson

Þorsteinn lauk mastersnámi í söng árið 2013 við Hanns Eisler í Berlín undir handleiðslu Scot Weir og eftir útskrift með Janet Williams, Jóni Þorsteinssyni og Hlín Pétursdóttur Behrens.

Frá árinu 2014 til ársins 2017 starfaði Þorsteinn við Óperuhúsið Theater Ulm í Suður-Þýskalandi og söng þar fjölmörg aðalhlutverk.

Síðan Þorsteinn flutti aftur til Íslands í byrjun árs 2017 hefur hann tekið þátt í ýmsum verkefnum, meðal annars með Íslensku Óperunni og strengjasveitinni Íslenskir strengir.

Þorsteinn er virkur meðlimur í ýmsum sönghópum, þar á meðal Schola Cantorum, Voces Mascolorum og Rekkvartettinum. Þorsteinn hefur stjórnað Drengjakór Reykjavíkur frá árinu 2019.

Þorsteinn hefur áður sungið hlutverk Svansins í *Carmina Burana* haustið 2019 með Ungfóníu og Háskólakórnum.

„Ég trúi því að í hverri manneskju búi dálítið listamannsefni. Þetta efni er hægt að eyðileggja, en líka laða fram og þroska. Kennsluaðferðir mínar miða að því að finna og vekja þetta leynda listamannsefni í öllum.“

— Carl Orff

Kórarnir



Selkórinn

Selkórinn var stofnaður árið 1968 og var upphaflega kvennakór en hefur starfað óslitið sem blandaður kór eftir að karlar gengu til liðs við hann árið 1976. Selkórinn hefur á ferli sínum sungið víða erlendis sem hérlandis og bæði séð um og tekið þátt í margbreytilegum tónlistarviðburðum, klassískum sem veraldlegum.

Innanlands hefur kórinn sungið með Bubba í Borgarleikhúsinu og Ragga Bjarna í Háskólabíó, með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, í Hörpu, Norðurljósum og hinum ýmsu kirkjum þótt Seltjarnarneskirkja sé ávallt helsta tónleikahúsið.

Stjórnandi kórsins er Fjóla Kristín Nikulásdóttir.



Hljómfélagið

Hljómfélagið var stofnað á vormánuðum ársins 2015, en hugmyndin kviknaði hjá nokkrum fyrrum skólafélögum sem sungu lengi saman í Skólakór Kársness.

Hljómfélagið hefur vaxið hratt og skipar nú tæplega fimmtíu manns á aldrinum 25 til 45 ára sem koma víða að. Kórinn hefur haldið vel sótta jólatónleika frá stofnun auk vortónleika og flutt meðal annars Misa Criolla eftir Ramirez með hljómsveit og einsöngvara.

Hljómfélagið kom einnig fram á jólatónleikum Jethro Tull í Hallgrímskirkju og sem gestakór á stórtónleikum Karla kórsins Heimis í Eldborgarsal Hörpu. Hljómfélagið er metnaðargjarn kór og hefur gaman af því að flytja ný íslensk verk en hrifst einnig af öllu litrófi kórtónlistarinnar.

Stjórnandi kórsins er Fjóla Kristín Nikulásdóttir.



Skólakór Kársness

Skólakór Kársness var stofnaður árið 1976 og hefur frá stofnun verið ómissandi hluti af skólastarfi Kársnessskóla. Allir nemendur á aldrinum 8–12 ára eru í kórnum og um 30 nemendur á unglingastigi. Á hverju ári eru því yfir 300 börn í kór í Kársnessskóla og sönghefðin rík.

Skólakór Kársness tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum, allt frá skólasamkomum til stærri verkefna, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Síðustu 42 árin hefur Skólakór Kársness farið víða um heim og tekið þátt í kóramótum og menningarhátíðum fyrir Íslands hönd. Framkoma kórsins

hefur vakið lukku á erlendri grundu og er hann þekktur fyrir hreinan tón og gáskafulla framkomu.

Það hefur verið markmið kórsins að kynna íslenska tónlist hérlandis sem erlendis og hafa mörg verk verið samin sérstaklega fyrir kórinn. Meðal fyrirverandi kórfélaga eru fjölmörg tónskáld, tónmenntakennarar, hljóðfæraleikarar og söngvarar sem stigu sín fyrstu skref í kórnum.

Stjórnandi kórsins til 40 ára var Þórunn Björnsdóttir en árið 2016 tók Álfheiður Björgvinsdóttir við og stýrir kórnum í dag.

Hljómfélagið

Sópran

- Aðalheiður Elín Lárusdóttir
- Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir
- Auður Örlýgsdóttir
- Elfa Ólafsdóttir
- Ester Ósk Pálsdóttir
- Hildur Harðardóttir
- Ida Guðný Jensen
- Jóhanna Ösp Baugsdóttir
- Katrín Ingibergsdóttir
- Margrét Hugadóttir
- Rut Þorsteinsdóttir
- Sólveig Halldórsdóttir
- Þórdís Björt Sigþórsdóttir

Alt

- Elfa Dröfn Stefánsdóttir
- Gaia Alba
- Heiðbjört Vigfúsdóttir
- Helga Steen Snorradóttir
- Jóhanna Jóhannsdóttir
- Magdalena Sigurðardóttir
- María Guðmundsdóttir
- Ólína Kristín Sigurgeirsdóttir
- Sara Katrín Stefánsdóttir
- Snædís Baldursdóttir
- Sólveig Skaftadóttir
- Valdís Gregory
- Þorbjörg Sandra Bakke
- Þórkatla Hauksdóttir

Tenór

- Arnór Bogason
- Fannar Ásgrímsson
- Jón Ingi Stefánsson
- Óttar Kjartansson
- Sindri Þór Guðmundsson
- Unnar Geir Unnarsson

Bassi

- Adam Switala
- Björn Bjarnsteinsson
- Brynjar Örnur og Guðnason
- Doruk Beyter
- Hjalti Þór Þórssen
- Jónas Óskar Magnússon
- Magnús Pétursson
- Matthías Pétursson

Skólakór Kársness

- Aldís Lilja Hafsteinsdóttir
- Anna Guðrún Jónasdóttir
- Arnaldur Darri Arnason
- Arnbjörg Þorbjarnardóttir
- Arndís Magna Hálfhánsdóttir
- Ásdís Erna Jóhannsdóttir
- Ásta Andradóttir
- Ásthildur Alda Geirsdóttir
- Bartosz Borecki
- Bríet Gestsdóttir

- Dögun Oddsdóttir
- Erla Rán Róbertsdóttir
- Eva Steinsen Jónsdóttir
- Eyrún Arna Höskuldsdóttir
- Eyrún Lára Sigurjónsdóttir
- Fjóla Rannveig Eyjólfsdóttir
- Glódís Hera Árnadóttir
- Heiðbjört Diljá Kristjánsdóttir
- Herdís Steinarsdóttir
- Hrafninnna Gísladóttir

- Katrín Ásta Benjamínsd. Wheat
- Katrín Mjöll Björgvinsdóttir
- Katrín Rós Harðardóttir
- Klara Rós Bergmann
- Kristín Guðjónsdóttir
- Ljósbjörg Helga Daníelsdóttir
- Ragnheiður Jónasdóttir
- Sara Margrét Jónasdóttir
- Sara Viktoria Hlíðarsdóttir
- Stefanía Agnes Benjamínsdóttir

- Stigur Sær Kjartansson
- Tinna Sigríður Helgadóttir
- Vigdís Elisabet Bjarnadóttir
- Ylfa Karen Guðbjörnsdóttir
- Þorbjörg Gróa Eggertsdóttir
- Þorgerður Bryndís Blomsterberg
- Þórey Lilja Benjamínsdóttir

Selkórinn

Sópran

- Anna G. Björnsdóttir
- Bryndís Hákonardóttir
- Dagný Björgvinsdóttir
- Guðrún B. Villhjámsdóttir
- Guðrún E. Gunnarsdóttir
- Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir
- Hjördís Inga Ólafsdóttir
- Inga Erlingsdóttir
- Margrét Þómar
- Ólína Thoroddsen
- Sif Þorsteinsdóttir
- Þórunn Ólafsdóttir

Alt

- Anna Dagný Halldórsdóttir
- Anna Karlsdóttir
- Arndís I. Sverrisdóttir
- Birna E. Óskarsdóttir
- Elísabet Dolinda Ólafsdóttir
- Gígja Baldursdóttir
- Gróa Pétursdóttir
- Guðrún Hafsteinsdóttir
- Gyða Halldórsdóttir
- Helga Hjálmtýsdóttir
- Hróðný Garðarsdóttir
- Hulda Hákonardóttir
- Ingibjörg Svala Jónsdóttir
- Laufey Tryggvadóttir
- Margrét Guðnadóttir
- Pálína Magnúsdóttir
- Steinunn H. Hannesdóttir
- Þorbjörg Karlsdóttir

Tenór

- Bergþóra S. Þorbjarnardóttir
- Guðmundur Ludvigsson
- Gylfi Árnason
- Haraldur Þráinsson
- Jóna Borg Jónsdóttir
- Kristinn Ingason
- Sigurður J. Grétarsson
- Þórir Ingason

Bassi

- Héðinn Valdimarsson
- Jón Árnason
- Knútur Árnason
- Ludvig Guðmundsson
- Sigurður Geirsson
- Skúli Þór Magnússon
- Stefán Yngvason

Kórarnir







Carl Orff og Carmina Burana

Carmina Burana er kantata samin af **Carl Orff** árin 1935–1936. Verkið er samið í kringum 24 bersögla vísur úr sagnabálknum *Carmina Burana* sem merkir söngvar (*Carmina*) frá Beuren. Bálkurinn inniheldur 254 vísur sem uppgötvuðust árið 1803 í Benediktínuklaustrinu Beuren í Bæjaralandi og voru fyrst gefnar út árið 1847. Vísurnar eru ortar á latínu, þýsku og miðaldarfrönsku. Í klaustrum miðalda voru vísurnar skrásettar af fræðimönnum og lærisveinum þeirra og það má hugsa sér að þeir hafi þukrast með þær í laumi. *Carmina Burana* er óður til holdlegra nautna, drykkjuskapar og losta enda örlögin óumflýjanleg.

Carl Orff valdi kvæði úr sagnabálknum með aðstoð Michael Hofmann, latínufræðings og samdi verk í þremur þáttum: Vorið (*Primo vere*), Á kránni (*In Taberna*) og Hirð ástarinnar (*Cour d'amours*). Í upphafi og lok verks er sungið um að gefa sig á vald örlagana (*Fortuna Imperatrix Mundi*). *Carmina Burana* hrifur hlustandann með sér í vorið, dregur hann svo á kránna þar sem allar stéttir sameinast í drykkjusvalli og á gægjur inn í huga lostafullra kvenna.

Carl Orff var fæddur 10. júlí 1895 í München á heimili þar sem tónlist var í hávegum höfð. Móðir hans var menntaður píanisti og faðir hans embættismaður sem spilaði á píanó og ýmis strengjahljóðfæri. Móðir Carls uppgötvaði hæfileika hans og hvatti hann áfram í tónlistinni. Sautján ára gamall hóf hann nám við Tónlistarakademíu München og eftir það var ekki aftur snúið, Carl Orff helgaði allt sitt líf tónlistinni og kennslu. Tónverk Carl Orff vöktu fyrst athygli í valdatíð þýska nasistaflokksins en tengsl hans við hugmyndafræði þriðja ríkisins hafa ávallt verið umdeild.

„Orff leitar í fornan tónlistararf í verkinu, í stað dúr og moll notar hann kirkjutóntegundir sem gefa verkinu ákveðið yfirbragð. Laglínur og hendingar eru á fremur afmörkuðu tónsviði en hreyfast fram og aftur í kring um örfáa tóna svo úr verður seiðandi útkoma. Rytísk framvinda verksins er sérlega kröftug og tilkomumikil og spila slagverkshljóðfærin stórt hlutverk.“

— Lýsing Sinfóníuhljómsveitar Íslands á verkinu, úr efnisskrá frá árinu 2013

Carmina Burana var frumflutt í Frankfurt 1937 við mikið lof. Fyrsti flutningur utan Þýskalands var árið 1942 í La Scala sem tákn um samstöðu Þýskalands og Ítalíu í fyrri hluta seinni heimsstyrjaldarinnar. Þrátt fyrir það hefur *Carmina Burana* aukist í vinsældum og er nú ekki aðeins vinsælasta verk tónskáldsins heldur líklega þekktasta tónverk 20. aldar. *Carmina Burana* var upphaflega samið fyrir stóra hljómsveit, tvo blandaða kóra, drengjakór og einsöngvara en fjölmargar útsetningar hafa verið gerðar, meðal annars af Carl Orff sjálfum. Flestir hafa heyrt kafla úr verkinu í bíómyndum, auglýsingum og jafnvel tölvuleikjum.

Fortuna Imperatrix Mundi

1. O Fortuna

O Fortuna!
Velut luna
statu variabilis,
semper crescis
aut decrescis;
vita detestabilis
nunc obdurat
et tunc curat
ludo mentis aciem,
egestatem,
potestatem
dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
et inanis,
rota tu volubilis,
status malus,
vana salus
semper dissolubilis,
obumbrata
et velata
michi quoque niteris;
nunc per ludum
dorsum nudum
fero tui sceleris.

Sors salutis
et virtutis
michi nunc contraria,
est affectus
et defectus
semper in angaria.
Hac in hora
sine mora
corde pulsum tangite;
quod per sortem
sternit fortem,
mecum omnes plangite!

2. Fortune plango vulnera

Fortune plango vulnera
stillantibus ocellis
quod sua michi munera
subtrahit rebellis.
Verum est, quod legitur,
fronte capillata,
sed plerumque sequitur
Occasio calvata.

Forsjón, drottning heimsins

1. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
Líkt og tunglið
ertu síhverful,
ýmist vaxandi
eða minnkandi.
Andstyggilegt líf:
fyrst undir ofríki
og svo mildað
eins og verkast vill,
fátækt
og ríkidómur
bráðna sem ís.

Voldugt
og innantómt
snýst þú gæfuhjól,
fullt illkvittni.
Velferð er hégómi
sem gufar ætíð upp.
Hulið skuggum
og dulum
hrjáirðu einnig mig.
Í þessum leik
bera ég bak mitt
hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
sem dyggð
er forsjónin mér andsnúin,
ég er útkeyrður
og sligaður
í eilífum þrældómi.
Svo nú skal
án tafar
snerta titrandi strengi.
Hvar sem forsjóninni
lýstur niður
skulu allir gráta með mér!

2. Ég græt benjar gæfunnar

Ég græt benjar gæfunnar
með tár í augum,
því þær gjafir sem hún færði mér
hrifsaði hún til baka.
Sannlega stendur skrifað
að hún sé fagurhærð
en er grípa þurfi tækifærið
sé hún sköllótt.

In Fortune solio
sederam elatus,
prosperitatis vario
flore coronatus;
quicquid enim florui
felix et beatus,
nunc a summo corru
gloria privatus.

Fortune rota volvitur:
descendo minoratus;
alter in altum tollitur;
nimis exaltatus
rex sedet in vertice
caveat ruinam!
nam sub axe legimus
Hecubam reginam.

Primo vere

3. Veris leta facies

Veris leta facies
mundo propinatur,
hiemalis acies
victa iam fugatur,
in vestitu vario
Phebus principatur,
nemorum dulcisono
que cantu celebratur.

Flore fusus gremio
Phebus novo more
risum dat, hoc vario
iam stipata flore.
Zephyrus nectareo
spirans in odore.
Certatim pro bravo
curramus in amore.

Cytharizat cantico
dulcis Philomena,
flore rident vario
prata iam serena,
salit cetus avium
silve per amena,
chorus promit virginum
iam gaudia millena.

Í háseti gæfunnar
sat ég hreykinn,
hinum fjölskrúðugustu
blómum krýndur.
Þó ég hafi dafnað vel
hamingjusamur og blessaður
fell ég nú úr sessi
rúinn dýrð.

Gæfuhjólið snýst:
ég fell í skömm,
öðrum er hreykt hátt.
Allt of hátt
situr konungur í háseti.
Megi hann óttast tortímingu!
Því undir öxlinum stendur skrifað
nafn Hekúbu drottningar¹.

Vor

3. Gleðiríkt andlit vorsins

Gleðiríkt andlit vorsins
brosir við heiminum.
Harður veturinn flýr
með skott milli fóta.
Skrýddur litadýrð
drottinnar Föbus² yfir ríki sínu.
Ljúfum rómi syngur
skógurinn honum lof.

Í fangi Flóru³ hvílir
Föbus enn á ný,
brosandi, litskrúðugum
blómum skrýddur.
Zefýr⁴ andar
nektarþrungnum blæ.
Keppumst um
verðlaun ástarinnar!

Hörpu líkum rómi syngur
hin ljúfa svala⁵.
Í blómafjöld
kæstast engin.
Fuglaskari hefur sig
til flugs yfir þýðan skóg.
Meyjakór lofar
þúsundfaldri sælu.

¹ Hekúba var drottning Tróju. Að loknu Trójustríðinu endaði hún ævina sem þræll Grikkja.

² Föbus vísar til gríska sólarguðsins Apollons.

³ Flóra var rómversk gyðja gróandans og vorsins.

⁴ Zefýr var hinn gríski guð vestanvinda vorsins.

⁵ Philomena var goðsöguleg persóna sem guðirnir breyttu í svölu.

4. Omnia sol temperat

Omnia sol temperat
purus et subtilis,
novo mundo reserat
faciem Aprilis,
ad amorem properat
animus herilis
et iocundis imperat
deus puerilis.

Rerum tanta novitas
in solemnī vere
et veris auctoritas
jubet nos gaudere;
vias prebet solitas,
et in tuo vere
fides est et probitas
tuum retinere.

Ama me fideliter,
fidem meam nota:
de corde totaliter
et ex mente tota
sum presentialiter
absens in remota,
quisquis amat taliter,
volvitur in rota.

5. Ecce gratum

Ecce gratum
et optatum
Ver reducit gaudia,
purpuratum
florete pratum,
Sol serenat omnia.
Iamiam cedant tristitia!
Estas redit,
nunc recedit
Hyemis sevitia.

Iam liquescit
et decrescit
grando, nix et cetera;
bruma fugit,
et iam sugit
Ver Estat ubera;
illi mens est misera,
qui nec vivit,
nec lascivit
sub Estat dextera.

4. Allt vermir sólín

Allt vermir sólín,
hrein og mild,
opinberar nýjum heimi
andlit apríl.
Til ásta örvast
mannsins sál
og yfir gleðinni ríkir
bernskur guð.

Öll þessi endurfæðing
í gleði vorsins
og vorsins krafti
býður okkur að gleðjast.
Hún sýnir okkur kunnar slóðir
og í vori þínu
er þér rétt og skylt
að halda þínu.

Elska mig staðfastlega,
sjá hve ég er trúr:
af öllu hjarta mínu
og allri sálu minni
er ég með þér
jafnvel þótt ég sé víðs fjarri.
Hver sá sem elskar svo heitt
snýst á gæfuhjólinu.

5. Sjá geðþekkt vorið

Sjá, geðþekkt
og langþráð
vorið færir gleði á ný.
Fjólublá
skryðast engin.
Sólín lýsir allt upp.
Nú er sorgum lokið!
Sumarið snýr aftur.
Nú dregur úr
heljartökum vetrar.

Nú bráðna
og hverfa
ís, snjór og annað,
vetur flýr
og nú sýgur
vorið brjóst sumars.
Blauður er sá
sem hvorki lifir
né girnist
í ríki sumarsins.

Gloriantur
et letantur
in melle dulcedinis,
qui conantur,
ut utantur
premio Cupidinis:
simus jussu Cypridis
gloriantes
et letantes
pares esse Paridis.

Uf dem anger

6. Tanz

7. Florete silva nobilis

Florete silva nobilis
floribus et foliis.

Ubi est antiquus
meus amicus?
Hinc equitavit.
Eia, quis me amabit?

Florete silva undique.
Nah min Gesellen ist mir we.

Gruonet der Walt allenthalben,
wa ist min Geselle also lange?
Der ist geriten hinnen.
O wi, wer sol mich minnen?

8. Chramer, gip die varwe mir

Chramer, gip die Varwe mir,
die min Wengel roete,
damit ich die jungen Man
an ir Dank der Minnenliebe noete.
Seht mich an,
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Minnet, tugentliche Man,
minnedliche Frouwen!
Minne tuot iu hoch Gemout
unde lat iuch in hohen Eren schouwen.
Seht mich an,
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Þau fagna
og gleðjast
í sætleik hunangs
sem leitast við
að njóta
launa Kúpiðs⁶:
að skipun Afróðítu
skulum við fagna
og gleðjast yfir að vera
jafnokar París⁷.

Á enginu

6. Dans

7. Hinn eðli skógur springur út

Hinn eðli skógur springur út
í blóma og laufskrúði.

Hvar er sá sem
ég unni förðum?
Hann er riðinn burt.
Eia! Hver vill elska mig?

Gervallur skógurinn springur út.
Ég sakna elskhuga míns.

Gervallur skógurinn grænkar.
Hvað tefur elskhuga minn?
Hann er riðinn burt.
Æ, mig auma! Hver vill elska mig?

8. Kaupmaður, gef mér lit

Kaupmaður, gef mér lit,
til að rjóða í kinnar mínar
svo ég geti fengið unga menn
nauðuga viljuga til að elska mig.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

Elskaðu, góði maður
konur sem eru ástar verðar!
Ást auðgar anda þinn
og heldur þér í góðum metum.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

⁶ Kúpið (einnig kallaður Amor) var rómverski ástarguðinn og jafngilti hinum gríska Erosi.
⁷ París frá Tróju var dauðlegur maður sem skar úr um það hver gyðjanna væri fegurst: Hera, stríðsgyðjan Pallas Athena eda kýpverska ástargyðjan Afróðíta, sem hann lýsti fegursta eftir að hún beraði sig fyrir honum. Að launum veitti Afróðíta honum ástir Helenu hinnar föggu.

Wol dir, Werit, daz du bist
also freudenriche!
Ich will dir sin undertan
durch din Liebe immer sicherliche.
Seht mich an,
jungen Man!
lat mich iu gevallen!

9. Reie

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

Chume, chum, Geselle min,
ih enbite harte din.

Suzer rosenvarwer Munt,
chum un mache mich Gesund.

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

10. Were diu werlt alle min

Were diu Werlt alle min
von deme Mere unze an den Rin
des wolt ih mih darben,
daz diu Chunegin von Engellant
lege an minen Armen.

In taberna

11. Estuans interius

Estuans interius
ira vehementi
in amaritudine
loquor mee menti:
factus de materia,
cinis elementi
similis sum folio,
de quo ludunt venti.

Cum sit enim proprium
viro sapienti
supra petram ponere
sedem fundamenti,
stultus ego comparor
fluvio labenti,
sub eodem tramite
nunquam permanenti.

Lof sé þér, veröld,
svo gleðiríkri!
Ég mun vera þér trú
vegna ástar þinnar.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

9. Hringdans

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslauser
í allt sumar!

Komdu, komdu, ástin mín.
Ég þrái þig.

Sæti rósrauði munnur,
komdu og læknaðu mig.

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslauser
í allt sumar!

10. Ef allur heimurinn væri minn

Ef allur heimurinn væri minn milli
sjávar og Rínar
myndi ég neita mér um hann
fyrir Englandsdrottningu
hvílandi í faðmi mér.

Á kránni

11. Ég brenn að innan

Ég brenn að innan,
logandi af heift.
Beiskjufullur
segi ég við hjarta mitt:
af efni skapaður,
úr dufti frumefnanna,
er ég sem lauf
á vængjum vinda.

Ef það er siður
viturra manna
að byggja sér
hús á bjargi
þá er ég fífl, líkt og
bylgjandi fljót
sem á leið sinni
tekur engum breytingum.

Feror ego veluti
sine nauta navis,
ut per vias aeris
vaga fertur avis;
non me tenent vincula,
non me tenet clavis,
quero mihi similes
et adiungor pravis.

Mihi cordis gravitas
res videtur gravis;
iocis est amabilis
dulciorque favis;
quicquid Venus imperat,
labor est suavis,
que nunquam in cordibus
habitat ignavis.

Via lata gradior
more iuventutis
inplicor et vitiis
immemor virtutis,
voluptatis avidus
magis quam salutis,
mortuus in anima
curam gero cutis.

12. Cignus ustus cantat

Olim lacus colueram,
olim pulcher extiteram,
dum cignus ego fueram.

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Girat, regirat garcifer;
me rogus urit fortiter;
propinat me nunc dapifer,

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Nunc in scutella iaceo,
et volitare nequeo
dentes frendentes video:

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Mig rekur líkt og
stjórnlaut skip
og í forsál vinda er ég
eins og léttur fugl á flugi.
Fjötrar binda mig ekki,
lásar halda mér ekki.
Ég sækist í mér um líka
og geng í lið með óhræsum.

Þyngd hjarta míns
sligar mig.
Það er ánægjulegt að gantast
og sætara en hunang.
Hvað sem Venus⁸ krefst
er mér ljúft og skylt að veita.
Henni dvelst aldrei
í lötu hjarta.

Ég geng hinn breiða veg
eins og ungdóms er siður.
Ég læt undan löstum
og hirði ekki um dyggð.
Ég sæki í holdsins lystisemdir
frekar en frelsun andans.
Sál mín er dauð
svo ég annast um holdið.

12. Söngur svansins á teininum

Eitt sinn lifði ég á vötum.
Eitt sinn var ég fagur,
er ég var svanur.

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Matsveinninn snýr mér á teini.
Ég brenn af krafti á bálinu.
Þjónninn færir mig upp á fat.

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Nú ligg ég á fati
og flýg ei meir.
Ég sé glitta í tennur...

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

⁸ Rómverska ástargyðjan.

„En það er jarðneskur skáldskapur í meira lagi og mergjaður víða, svo að ekki þykir með öllu óhætt að flytja hann nema á frummálinu, sem sárafaír skilja, sökum bersögli. Þar er jafnbært minnzt á hina guðs grænu náttúru sem náttúru mannkynsins, óstjórnlégan lífsþorsta, en vissara er að lifa fljótt og lifa vel, því að engin gleði varir að eilífu.“

— Úr *Vísi um frumflutning Carmina Burana á Íslandi* árið 1960

13. Ego sum abbas

Ego sum abbas Cucaniensis
et consilium meum est cum bibulis,
et in secta Decii voluntas mea est,
et qui mane me
quesierit in taberna
post vesperam
nudus egredietur,
et sic denudatus veste clamabit:
Wafna! Wafna!
Quid fecisti sors turpassi?
Nostre vite gaudia
abstulisti omnia!

14. In taberna quando sumus

In taberna quando sumus
non curamus quid sit humus,
sed ad ludum properamus,
cui semper insudamus.
Quid agatur in taberna
ubi nummus est pincerna,
hoc est opus ut queratur,
si quid loquar, audiatur.

Quidam ludunt, quidam bibunt,
quidam indiscrete vivunt.
Sed in ludo qui morantur,
ex his quidam denudantur
quidam ibi vestiuntur,
quidam saccis induuntur.
Ibi nullus timet mortem
sed pro Baccho mittunt sortem.

13. Ég er ábótinn

Ég er ábótinn í Nautnaklaustri⁹
og söfnuður minn er af drykkjurútum
og ég vil ganga í reglu Desíosar¹⁰
og hver sá sem leitar mín
að morgni dags á kránni
mun að loknum aftantíðum
hrökklast út nakinn
og í því klæðlausa ástandi hrópa:
Vei þér! Vei þér!
Hvað hefurðu gert, grimma forsjón?
Þú sviptir mig
allri lífsgleði!

14. Samverustund á kránni

Þegar við erum á kránni
hugsum við ekki um forgengileikann
heldur flýtum okkur að leik
svo slær alltaf út svita.
Hvað gerist á kránni
þar sem peningar ráða
er efni í spurn,
svo leggið við hlustir.

Sumir voga, sumir drekka,
sumir hegða sér ósæmilega.
En af þeim sem voga
enda sumir klæðlausir,
sumir vinna sér klæðnað,
sumir klæðast sekkjum.
Hér óttast enginn dauðann
heldur kastar Bakkusi¹¹ teningum.

Primo pro nummata vini,
ex hac bibunt libertini;
semel bibunt pro captivis,
post hec bibunt ter pro vivis,
quater pro Christianis cunctis
quinquies pro fidelibus defunctis,
sexies pro sororibus vanis,
septies pro militibus silvanis.

Octies pro fratribus perversis,
nonies pro monachis dispersis,
decies pro navigantibus
undecies pro discordantibus,
duodecies pro penitentibus,
tredecies pro iter agentibus.
Tam pro papa quam pro rege
bibunt omnes sine lege.

Bibit hera, bibit herus,
bibit miles, bibit clerus,
bibit ille, bibit illa,
bibit servus cum ancilla,
bibit velox, bibit piger,
bibit albus, bibit niger,
bibit constans, bibit vagus,
bibit rudis, bibit magus.
Bibit pauper et egrotus,
bibit exul et ignotus,
bibit puer, bibit canus,
bibit presul et decanus,
bibit soror, bibit frater,
bibit anus, bibit mater,
bibit ista, bibit ille,
bibunt centum, bibunt mille.

Parum sexcente nummate
durant, cum immoderate
bibunt omnes sine meta.
Quamvis bibant mente leta,
sic nos rodunt omnes gentes
et sic erimus egentes.
Qui nos rodunt confundantur
et cum iustis non scribantur.

Fyrst drekka svallararnir
vínkaupmanninum skál,
aðra fyrir fangana,
þá þriðju fyrir lifið,
fjórðu fyrir kristindóminn,
fimmtu fyrir fallna trúmenn,
sjöttu fyrir lauslátu systurnar,
sjöundu fyrir skóggangsmennina,

áttundu fyrir siðspilltu bræðurna,
níundu fyrir tvístruðu munkana,
tíundu fyrir sæfarana,
elleftu fyrir þrasarana,
tölfu fyrir þá sem iðrast,
þrettándu fyrir ferðalangana.
páfa jafnt sem konungi full
drekka allir hömlulaust.

Húsfreyjan drekkur, húsbóndinn drekkur,
hermaðurinn drekkur, presturinn drekkur,
maðurinn drekkur, konan drekkur,
þjónninn drekkur með þernunni,
sá öri drekkur, letinginn drekkur,
hvítunginn drekkur, svertinginn drekkur,
sá ráðsetti drekkur, flakkarinn drekkur,
heimskinginn drekkur, vitringurinn drekkur,
fátæklingurinn og sjúklingurinn drekka,
útlaginn og aðkomumaðurinn drekka,
drengurinn drekkur, gamalmennið drekkur,
biskupinn og djákninn drekka,
systirin drekkur, bróðirinn drekkur,
kerlingin drekkur, móðirin drekkur,
þessi drekkur, hinn drekkur,
hundrað drekka, þúsund drekka.

Sex hundruð flórínur hrykkju
skammt, ef allir drykkju
hömlulaust úr hófi fram.
Í hversu mikilli gleði sem drukkið er
erum við þeir sem allir skammast yfir,
og því erum við allslausir.
Vei þeim sem bölvu okkur
og möfn þeirra afmáð úr bók lífsins.

⁹ Cucaniensis er goðsögulegt allsnægtaland þar sem smjör drýpur af hverju stráí og allt er í öflug-mælastíl.

¹⁰ Hér gæti verið átt við rómverska keisarann Desíos sem ofsótti kristna kringum árið 250.

¹¹ Rómverski guðinn Bakkus (sem og Diónýsos hinn gríski) var guð víns og ólvunar.

Cour d'amours

15. Amor volat undique

Amor volat undique,
captus est libidine.
Iuvenes, iuencule
coniunguntur merito.
Siqua sine socio,
caret omni gaudio;
tenet noctis infima
sub intimo
cordis in custodia:
fit res amarissima.

16. Dies, nox et omnia

Dies, nox et omnia
michi sunt contraria;
virginum colloquia
me fay planszer,
oy suvenz suspirer,
plu me fay temer.

O sodales, ludite,
vos qui scitis dicite
michi mesto parcite,
grand ey dolur,
attamen consulite
per voster honur.

Tua pulchra facies
me fay planszer milies,
pectus habet glacies.
A remender
statim vivus fierem
per un baser.

17. Stetit puella

Stetit puella
rufa tunica;
si quis eam tetigit,
tunica crepuit.
Eia!

Stetit puella
tamquam rosula;
facie splenduit,
os eius fioruit.
Eia!

Hirð ástarinnar

15. Amor fer víða

Amor fer víða
á valdi ástríðunnar.
Yngismenn og -meyjar
rata saman réttilega.
Karlmannslausa stúlkan
fer á mis við alla gleði.
Hún felur myrka nóttina
innst inni
við hjartarætur.
Það eru ómurleg örlög.

16. Dagur, nótt og allt hvað er

Dagur, nótt og allt hvað er
leggst mér í mót.
Af meyjahjali
brest ég í grát
og styn mikinn
og verð, ofar öllu, hræddur.

Ó, þið spottið mig vinir.
Þið vitið ei hvað þið segið.
Hlífið aumingja mér.
Sorg mín er stór.
Ráðleggið mér í það minnsta,
allranáðarsamlegast.

Fegurð andlits þíns
grætir mig þúsundfalt.
Ís í hjarta þér.
Í sárabætur
myndi ég hressast
af kossi.

17. Stóð stúlka

Stóð stúlka
á rauðum kyrtli.
Ef strokið var yfir hann
skrjáfaði kyrtillinn.
Eia!

Stóð stúlka
sem lítil rós.
Stirndi af andliti
og munni í blóma.
Eia!

„Chramer, gip die varwe mir er blautligt kvæði, svipað
þeim sem heyrðust á virgilvökum fyrrum, er stúlkur
buðu fram blíðu sína með ögrunum og mönuðu unga
menn til liðs við sig.“

— Jón Ásgeirsson, Morgunblaðið 19. febrúar 1986

18. Circa mea pectora

Circa mea pectora
multa sunt suspiria
de tua pulchritudine,
que me ledunt misere.

Manda liet, Manda liet
min Geselle chumet niet.

Tui lucent oculi
sicut solis radii,
sicut splendor fulguris
lucem donat tenebris.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

Vellet deus, vallent dii
quod mente proposui:
ut eius virginea
reserassem vincula.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

19. Si puer cum puellula

Si puer cum puellula
moraretur in cellula,
felix coniunctio.
Amore suscrescente
pariter e medio
avulso procul tedio,
fit ludus ineffabilis
membris, lacertis, labii.

18. Að hjarta mér

Að hjarta mér
þrengja andköf
yfir fegurð þinni
er leikur mig grátt.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Augu þín lýsa
sem geislar sólar,
sem leiftur eldingar
er lýsir upp myrkrið.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Guð gefi, guðirnir gefi
það sem ég hef í huga:
að ég nái að leysa
meydóm hennar úr viðjum!

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

19. Piltur og stúlka

Ef piltur á með stúlku
afvikna unaðsstund
eru samfarir þeirra góðar.
Ástin magnast,
milli þeirra
losnar um hömlur.
Hefst þá heimullegur leikur
í limum, leggjum, vörum.

20. Veni, veni, venias

Veni, veni, venias,
ne me mori facias,
hyrcra, hyrcce, nazaza,
trillirivos!

Pulchra tibi facies
oculorum acies,
capillorum series,
o quam clara species!

Rosa rubicundior,
lilio candidior
omnibus formosior,
semper in te glorior!

21. In trutina

In trutina mentis dubia
fluctuant contraria
lascivus amor et pudicitia.
Sed eligo quod video,
collum iugo prebeo:
ad iugum tamen suave transeo.

22. Tempus est iocundum

Tempus est iocundum,
o virgines,
modo congaudete
vos iuvenes.

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereo.

Mea me confortat
promissio,
mea me deportat
negatio.

Oh, oh, oh...

Tempore brumali
vir patiens,
animo vernali
lasciviens.

Oh, oh, oh...

20. Komdu, komdu, ó komdu

Komdu, komdu, ó komdu!
Ekki láta mig deyjja!
Hopp og hí, trallala!
Dillidó!

Fagurt er andlit þitt,
blikid í augum þínum,
lokkar hárs þíns:
Ó, hve dýrðlegur skapnaður!

Rósinni rauðari,
liljunni hvitari,
öllu yndislegri,
alltaf skal ég dýrka þig!

21. Á blápræði

Á blápræði tilfinninga minna
vega salt
lostafull ást og lítillæti.
En ég kys það sem ég sé
og legg háls minn undir okið,
gef mig ljúfu okinu á vald.

22. Gleðistund

Það er gleðistund.
Ó, yngismeyjar,
fagnid til samlætis
ungu mönnunum.

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út!
Ég brenn allur af
ósnortinni ást!
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

Mér til léttis
er loforð mitt.
Mér til hneisu
er afneitun mín.

Ó, ó, ó...

Að vetri
er maður þolinmóður.
Andblær vorsins
kveikir lostann.

Ó, ó, ó...

Mea mecum ludit
virginitas,
mea me detrudit
simplicitas.

Oh, oh, oh...

Veni, domicella,
cum gaudio,
veni, veni, pulchra,
iam pereo.

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereo.

23. Dulcissime

Dulcissime,
totam tibi subdo me!

Blanziflor Et Helena

24. Ave formosissima

Ave formosissima,
gemma pretiosa,
ave decus virginum,
virgo gloriosa,
ave mundi luminar,
ave mundi rosa,
Blanziflor et Helena,
Venus generosa!

Í mig hleypur gáski
hreisleikans.
Aftur af mér heldur
einfaldleikinn.

Ó, ó, ó...

Kom, frilla mín,
fagnandi.
Komdu, mín fagra,
ég dey!

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út,
Ég brenn allur af
ósnortinni ást.
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

23. Minn ljúfasti

Minn ljúfasti!
Ég gef þér mig alla!

Blansiflór og Helena

24. Heill þér, fegurst meðal kvenna

Heill þér, fegurst meðal kvenna,
dýrmæti gimsteinn,
heill þér, afbragð meyjja,
dýrðlega yngismær,
heill þér, ljós heimsins,
heill þér, rós heimsins,
Blansiflór og Helena¹²,
eðla Venus!

¹² Hér er ástkonu ljóðmælanda jafnað við Helenu hina fögru og kvenhetju rómantísku miðaldasögunnar um Flóris og Blansiflór.

Fortuna Imperatrix Mundi

25. O Fortuna

O Fortuna!
velut luna
statu variabilis,
semper crescis
aut decrescis;
vita detestabilis
nunc obdurat
et tunc curat
ludo mentis aciem,
egestatem,
potestatem
dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
et inanis,
rota tu volubilis,
status malus,
vana salus
semper dissolubilis,
obumbrata
et velata
michi quoque niteris;
nunc per ludum
dorsum nudum
fero tui sceleris.

Sors salutis
et virtutis
michi nunc contraria,
est affectus
et defectus
semper in angaria.
Hac in hora
sine mora
corde pulsum tangite;
quod per sortem
sternit fortem,
mecum omnes plangite!

Forsjón, drottning heimsins

25. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
Líkt og tunglið
ertu síhverful,
ýmist vaxandi
eða minnkandi.
Andstyggilegt líf:
fyrst undir ofríki
og svo mildað
eins og verkast vill,
fátækt
og ríkidómur
bráðna sem ís.

Voldugt
og innantómt
snýst þú gæfuhjól,
fullt illkvittni.
Velferð er hégómi
sem gufar ætið upp.
Hulið skuggum
og dulum
hrjáirðu einnig mig.
Í þessum leik
bera ég bak mitt
hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
sem dyggð
er forsjónin mér andsnúin,
ég er útkeyrður
og sligaður
í eilífum þrældómi.
Svo nú skal
án tafar
snerta titrandi strengi.
Hvar sem forsjóninni
lýstur niður
skulu allir gráta með mér!

*Íslenska þýðingu gerði
Hjörvar Pétursson*



Benediktínuklaustrið Beuren í Bæjaralandi Þetta er eitt elsta klaustur í Bæjaralandi en hér fundust árið 1803 textarnir sem sem Orff byggði verk sitt á.



Undirstrikað með danshreyfingum Carl Orff sá alltaf fyrir sér að innihald textans væri undirstrikað með danshreyfingum. Þessa mynd birti Þjóðviljinn í helgarblaði sínu 23. febrúar 1990 þegar Íslenska óperan setti verkið upp með dans- og kórshreyfingum eftir Terence Etheridge.



Carmina Burana Hér sést bladsíða úr ljóðasafninu frá 1274 en ef myndin prentast vel má meðal annars sjá textabrot sem urðu Orff innblástur að frægasta steffi verksins O fortuna.



Orff og Barry Hér er Orff ásamt hundinum sínum Barry en ef marka má tíunda tölublað Æskunnar 1982 þá var hann ekki þar hrifinn af tónlist húsbóndands. En Orff á að hafa sagt um hundinn: „Sem hundur er hann einskis nýtur en hann er töfrandi mannvera.“

